

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. mars 2018
2018010037

Efni: Umsögn - frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, með síðari breytingum (stefnandi fadernismáls) - 238. mál.

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, með síðari breytingum (stefnandi fadernismáls), 238. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 6. mars 2018, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, með síðari breytingum (stefnandi fadernismáls), 238. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Í upphafi telur Barnaverndarstofa rétt að taka fram að stofan er sammála því meginmarkmiði frumvarpsins sem lýtur að því að opna á heimildir karlmanna til að höfða fadernismál. Barnaverndarstofa telur mikilvægt að börn séu rétt fedruð og þekki þar með sinn uppruna líkt og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins kveður á um.

Barnaverndarstofa sér þó ekki ástæðu til þess að opna heimild til að höfða fadernismál með jafnitarlegum hætti og frumvarpið gerir ráð fyrir. Barnaverndarstofa sér ekki hvaða rök liggja fyrir því að einstaklingur sem gefið hefur sæði geti síðar höfðað fadernismál og fengið sig dæmdan föður barns. Frumvarpið í núverandi mynd opnar á gefandi sæðis geti höfðað fadernismál þegar gagnkynhneigt par hefur eignast barn með aðkomu gjafasæðis en ekki þegar samkynhneigðar konur eignast saman barn með gjafasæði. Fær Barnaverndarstofa ekki séð hvaða ástæður geta réttlætt slíkan mismun eftir því hvort par sem eignast barn er gagnkynhneigt eða samkynhneigt. Barnaverndarstofa telur það jafnframt mikilvægt að að fjölskyldur sem verða til með tilkomu gjafasæðis þurfi ekki að búa við þá óvissu og óöryggi sem fylgir því að geta ávallt átt von á því að sæðisgjafinn geri tilkall til barnsins. Slík réttaróvissa getur aldrei verið í samræmi við hagsmuni viðkomandi barna. Mæli Barnaverndarstofa því eindregið með því að 1. gr. frumvarpsins verði orðað svo: „1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Stefnandi fadernismáls getur verið barnið sjálf, móðir þess eða maður sem telur sig föður barns enda hafi foreldri ekki verið ákvarðað skv. 2. eða 3. mgr. 6. gr.“ (feitletrun Barnaverndarstofu).

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu

Heiða Björg Pálmadóttir